

BORGARRÁÐ 2. mars 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingu á skipan Neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar - MSS23020135

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að erindisbréfi og skipun neyðarstjórnar Reykjavíkur verði breytt. Lagt er til að borgarráð samþykki að í neyðarstjórn taki sæti í það minnsta einn borgarfulltrúi meirihluta borgarstjórnar og einn borgarfulltrúi minnihluta borgarstjórnar ásamt þeim sem þegar eiga sæti. Eins og neyðarstjórnin er samsett nú hafa kjörnir fulltrúar enga aðkomu að henni.

Greinargerð:

Það sem allar samþykktir fagráðanna eiga sameiginlegt er að tilgreina verkefni kjörna fulltrúa þau að gera tillögu um stefnu ráðanna, annast framkvæmd stefnu og hafa eftirlit með starfseminni. Það skýtur því skökku við að í Neyðarstjórn sitji enginn pólitískur fulltrúi og í því felast ákveðin öfugmæli gagnvart hlutverki kjörna fulltrúa. Eðli málsins samkvæmt geta kjörnir fulltrúar ekki sinnt sínum lögbundnu skyldum sé þeim haldið utan stjórnarinnar.